



Heiðarskóli — Fréttabréf

Mars 2008

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



## Árshátíð Heiðarskóla 13. mars 2008

Fimmtudaginn 13. mars verður árshátíð Heiðarskóla. Öll hefðbundin kennsla fellur niður þennan dag en nemendur mæti eins og hér segir:

### Árshátíð 1. - 3. bekkinga verður frá kl. 8.30 - 10.00

Nemendur mæta í sína stofu kl. 8:30 og fara með umsjónarkennara á sal þar sem allir árgangar sýna skemmtiatriði.

### Árshátíð 4. - 6. bekkinga verður frá kl. 10.00 - 11.30

Nemendur mæta í sína stofu kl. 10:00 og fara með umsjónarkennara á sal þar sem allir árgangar sýna skemmtiatriði.

### Árshátíð 7. - 10. bekkinga verður frá kl. 12.00 - 15.00

Nemendur mæta í sína stofu kl. 12:15 og fara með umsjónarkennara á sal. Á sal verða skemmtiatriði frá 7. bekk og söngleikur sem nemendur í 8.—10. bekk hafa verið að æfa. Að skemmtiatriðum loknum bjóða nemendur og foreldrar upp á kaffihlaðborð.

**Foreldrar eru sérstaklega boðnir velkomnir á allar sýningarnar og vonumst við eftir að sjá sem flesta. Sýningaratriði hefjast á sal skólans hálf tíma eftir að nemendur mæta í stofur. Nemendur eru hvattir til að koma prúðbúnir í skólann þennan hátíðardag.**

## Hreystikeppni 2008

Í byrjun febrúar fór fram keppni í 4. riðli í hreystikeppni grunnskólanna í Fífunni í Kópavogi. Alls tóku 14 lið þátt að þessu sinni. Lið Heiðarskóla stóð sig frábærlega og sigraði keppnina en það var skipað þeim Eyþóri Inga Einarssyni, Huldu Sif Gunnarsdóttur, Ingvari Steinþórssyni og Soffíu Klemensdóttur. Það er einnig gaman að segja frá því að Hulda Sif jafnaði Íslandsmetið í armbeygjum en hún gerði 65 armbeygjur. Lið Heiðarskóla var dyggilega hvatt af 100 manna liði nemenda og starfsfólks. Með sigrinum vann liðið sér þátttökurétt í úrslitakeppninni sem verður haldin í Laugardalshöllinni 17. apríl nk. og verður henni sjónvarpað beint.



## HEIMSÓKN Í STJÖRNUVER

Í lok janúar fóru nemendur í 5. og 10. bekk í skemmtilega ferð í H88 húsið. Allir grunnskólarnir í Reykjanesbæ höfðu sameinast um að fá í heimsókn svokallað Stjörnuver. Stjörnuverið er stór uppblásin hálfkúla sem nemendur fara inn í og er myndum varpað í loftið. Nemendur fá svo fyrirlestur um himingeiminn ásamt því að sjá stjörnur og önnur fyrirbæri á himninum frá ýmsum sjónarhornum og á hreyfingu.

# Öskudagur í Heiðarskóla



## ÍPRÓTTADAGUR

Þann 21. febrúar var íþróttadagur í Heiðarskóla. Nemendur í 1. - 3. bekk komu í íþróttahúsið og fóru í Tarzanleik. Nemendur í 4. - 6. bekk spiluðu bandý og brennó í íþróttahúsinu og nemendur í 7. - 10. bekk tóku þátt í skemmtilegum ratleik.



Hópur úr 7. bekk hjá Mánahestinum

Ratleikurinn fólst í því að nemendur áttu að hlaupa um nágrennið með stafræna myndavél og taka myndir af vissum hlutum eða hópnum að gera ákveðna hluti. Hver árgangur kom svo saman og skoðaði afrakstur hvers hóps. Myndir frá deginum er að finna á heimasíðunni [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is) en meðfylgjandi eru nokkrar myndir úr ratleiknum.



Þrír úr 8. bekk á steini.




Hópur í 10. bekk. Fjórir saman í rólu sem er ekki á skólalóðinni.



Hópur úr 9. bekk. Allur hópurinn í pýramída.

# VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL FORELDRA NEMENDA Í 4., 7. OG 9. BEKK

Á samskiptadegi í janúar tóku foreldrar nemenda í 4., 7. og 9. bekk þátt í könnun í skólanum. Í könnuninni var spurt um marga þætti skólastarfsins. Yfir 90% foreldra svöruðu jákvætt þegar spurt var um líðan barna í skólanum, foreldrar voru sammála um að kennsluhættir væru fjölbreyttir og nemendur fengju aðstoð þegar á þyrfti að halda. Foreldrar fundu sig líka velkomna í skólann og sögðu að samskipti við kennara væru góð. Þá höfðu flestir foreldrar kynnt sér stefnu skólans og bekkjarnámskrár og töldu að í Heiðarskóla væri metnaður til að bæta skólastarf enn frekar. Þá bera foreldrar traust til stjórnenda og starfsfólks skólans. Í ákveðnum árgöngum voru foreldrar óánægðir með stærð bekkja. Þá fannst 97% foreldra að kennarar sýndu nemendum umhyggju og alúð en um 14% foreldra fannst að taka mætti á agamálum og einelti af meiri festu og ákveðni. Heildarniðurstöður könnunarinnar má finna á heimasíðu skólans [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is).



Ég er ánægð(ur) með skólann minn

## Fréttir af 5. bekk

Nemendur og kennarar í 5. bekk hafa gert ýmislegt á þessu nýja ári til að brjóta upp hefðbundið skólastarf. Báðir bekkirnir fóru á Kaffi Duus og gæddu sér á heitu kakói og kleinum og áttu þar notalega stund.

Undanfarnar vikur er búið að vera stjórnþema. Bekkjnum var skipt upp í nokkra hópa og bjó hver hópur til eina reikistjörnu.



Nemendurnir útbjuggu himin sem var málaður blár og hver nemandi málaði eina gula stjörnu á hann. Afraksturinn af þemavinnunni er hægt að sjá fyrir framan stofur 10 og 11.

## Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk

Í lok desember bærust niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði. Í ár kom 7. bekkur ágætlega út. Heildareinkunn í stærðfræði var 0,5 yfir landsmeðaltali og í íslensku var skólinn 0,2 yfir landsmeðaltali. Það eru þó þættir innan beggja prófa sem þarf að skoða betur. Tölur og talnaskilningur er

*Nemendur í 7. bekk eru 0,5 yfir landsmeðaltali í stærðfræði!*

greinilega slakur innan stærðfræðinnar hjá nemendum í 7. bekk og lesskilningur og hlustun í íslensku. Báðir þessir þættir voru undir landsmeðaltali. Í 4. bekk þarf að skoða flesta þætti vel í báðum prófum þar sem heildareinkunn í íslensku var 0,5 undir landsmeðaltali og stærðfræðin í kringum landsmeðaltal.

## 6. bekkur heimsótti Sögusafnið í Perlunni og Öskjuhlíðarskóla

Nemendur í 6.KG og 6. GK fóru saman í náms- og skemmtiferð til Reykjavíkur á dögnum þar sem þeir skoðuðu Sögusafnið í Perlunni. Í vetur hafa nemendur unnið verkefni úr Sjálfstæði Íslendinga og tengist það námsefni þessari skemmtilegu sýningu. Þá var hópnum einnig boðið að skoða Öskjuhlíðarskóla og kynna sér starfið sem þar fer fram. Skemmst er frá því að segja að nemendur skemmtu sér frábærlega og voru sér og skólanum sínum til mikils sóma í þessari ferð.



## Hugsað um barn

Nemendur í 8. bekk tóku í febrúar þátt í verkefninu „Hugsað um barn“. Verkefnið felur í sér að hugsa um dúkku heila helgi en dúkkan líkir eftir hegðun og hljóðum ungarbarns. Verkefnið heppnaðist vel og nemendur voru ánægðir en þreyttir þegar þeir skilufu „barninu“ sínu eftir erilsama helgi.



## Vísindavali í vettvangsferð

Nemendum í vísindavali í Heiðarskóla var boðið í heimsókn í Hitaveitu Suðurnesja í febrúar. Farið var í Svartsengi og þar í gegnum virkjunina. Í Reykjanesvirkjun er Hitaveitan að útbúa fræðslusafn um jörðina. Á safninu er margvíslegur fróðleikur m.a. er hægt að fræðast um áhrif tunglsins á flóð og fjöru, sjá upplýsingar um sólkerfið og finna mismunandi sterka jarðskjálfta.



\*\*\*\*\*  
\*  
\*  
\*  
\* Páskafrí nemenda hefst mánudaginn 17. mars.  
\* Nemendur mæti aftur í skólann miðvikudaginn  
\* 26. mars samkvæmt stundaskrá. Starfsfólk  
\* Heiðarskóla óskar nemendur og aðstandendum  
\* gleðilegra páska.  
\*  
\*\*\*\*\*

## GETTU ENN BETUR

Miðvikudaginn 13. febrúar fór fram spurningakeppnin „Gettu enn betur“ í Njarðvíkurskóla. Keppnin er árlegur viðburður í skólastarfi grunnskólanna í Reykjanesbæ og var nú haldin í sjöunda skipti. Lið grunnskólanna, skipuð nemendum úr 8. - 10. bekk, reyndu með sér í spennandi keppni þar sem spurt var t.d. um bæinn okkar, námsefni og dægurmál. Spurningahöfundur og spyrill var Eysteinn Eyjólfsson. Þau Eygló Pétursdóttir og Ingvi Þór Geirsson töldu stigin, gættu tímans og dæmdu af yfirvegun. Keppt var í undanúrslitum og til úrslita á sama kvöldinu. Holtaskóli keppti fyrst í undanúrslitum við Heiðarskóla og hafði nauman sigur eftir tvíframlengdan leik og Njarðvíkurskóli lagði Myllubakkaskóla í hörkukeppni. Til úrslita kepptu Holtaskóli, sem hafði titil að verja, og heimamenn í Njarðvíkurskóla. Holtaskóli hafði sigur með einu stigi. Lið Heiðarskóla var skipað þeim Grétari Þór Sigurðssyni 9.HE, Birgi Valdimarssyni 9.ÞE og Guðna Friðriki Oddssyni 9.EP og stóðu þeir sig frábærlega.

